



Markaðsstofa Norðurlands
NORDURLAND.IS

Starf Flugklasans Air 66N 18. Apríl – 15. október 2024

Hér verður gerð grein fyrir því helsta í starfi Flugklasans Air 66N undanfarna mánuði.

Markaðssetning

Flugklasinn hefur tekið þátt ferðasýningum og vinnustofum eins og áður til að kynna nýjar flugleiðir. Mikil vinna hefur farið í að hvetja innlenda og erlenda ferðasöluaðila til þess að nýta nýja möguleika í flugi beint til Akureyrar.

Sýningar þar sem Flugklasinn hefur átt fulltrúa:

- VestNorden í Færeyjum 24.-25. september
- Winter Event í Hollandi á vegum Voigt Travel 28.-29. september

Vinnustofur þar sem Flugklasinn hefur átt fulltrúa:

- Vinnustofur í Boston, Washington og Dallas í maí.
- Vinnustofa í Hamborg 19. september

Flugklasinn, í góðu samstarfi við Íslandsstofu, stóð fyrir viðburði á innanhúss skíðasvæði í Manchester fyrir þarlandar ferðaskrifstofur og söluaðila þann 5. september. Markmiðið var að kynna nýtt áætlunarflug easyJet frá Manchester til Akureyrar næsta vetur. Á viðburðinum voru kynningar frá Íslandsstofu og Fluglasanum á áfangastaðnum Norðurlandi og tækifærinum þar. Viðburðurinn tókst mjög vel, var mjög vel sóttur og mikilvægt skref til að koma þessari nýju flugleið betur á kortið í Bretlandi.

Móttaka blaðamanna og fulltrúa frá ferðaskrifstofum (FAM ferðir) er nú sem fyrr mikilvægur liður í starfi Flugklasans. Jafnan er þó meginþunginn í þessu starfi yfir vetrarmánuðina.

- 7.-11. júlí, blaðamaðurinn Erik Van de Perre frá Nordis í Þýskalandi. Skrifaði um Norðurstrandarleið, prófaði afþreyingu sem tengist Norðurstrandarleið, ferðaáðist bæði um NV og NE.
- 11.-12. september var haldin FAM ferð fyrir íslenskar ferðaskrifstofur, með áherslu á vetrarferðaþjónustu. Að þessu sinni voru heimsóttir ferðaþjónar á Norðurlandi vestra, frá Skagafirði að Húnaþingi vestra. Ferðin var vel sótt (9 þátttakendur) og tókst mjög vel í alla staði.
- 13.-20. október, blaðamaðurinn Sam Supple frá BBC Travel Show. Heimsótti Skagafjörð, Akureyri, Mývatnssveit og Húsavík, hitti fyrirtæki og einstaklinga og tók upp efni.

Efnisframleiðsla var haldið áfram á tímabilinu. Bætt var við myndabankann, aðallega vetrarmyndir (50 stk). Einnig var framleitt nýtt vetrarmyndband með áherslu á skíði.



Markaðsstofa Norðurlands
NORDURLAND.IS

Flugfélög/Ferðaskrifstofur

Starf Flugklasans snýst í auknum mæli um ýmis verkefni í samstarfi við þá aðila sem standa fyrir beinu flugi til Akureyrar, bæði flugfélög (áætlunarflug) og ferðaskrifstofur (leiguflug). Er það viðbót við vinnu við að koma á flugi frá nýjum áfangastöðum, sem einnig er í fullum gangi.

Flugklasinn hefur átt í mjög góðu samstarfi við easyJet í Bretlandi. Flugklasinn fór í heimsókn til höfustöðva easyJet 15. maí og átti þar fundi með fulltrúum félagsins ásamt ráðherra ferðamála, formanni Flugþróunarsjóðs og fulltrúa Íslandsstofu. Á fundinum var rætt um hvernig hefði gengið fram að þessu og framtíðarmöguleika. Fundurinn var mjög gagnlegur og slíkar heimsóknir styrkja samstarfsgrunninn til muna.

Flug easyJet frá London síðasta vetur gekk mjög vel og félagið tilkynnti snemma að samskonar áætlun yrði flogin næsta vetur. Skömmu síðar tilkynnti easyJet að félagið hyggðist bæta við flugáætlun frá Manchester til Akureyrar næsta vetur. Þannig verða tvö vikuleg flug frá bæði London og Manchester frá nóvember til mars, eða tvöföldun á framboði á flugsætum frá Bretlandi. Er það frábær viðbót og sýnir hug easyJet til að festa áfangastaðinn í sessi.

Ráðgjafinn Chris Hagan er áfram að vinna með Fluglasanum að því koma flugferðum easyJet á framfæri. Áðurnefndur viðburður í Manchester var hluti af þeirri vinnu, en Chris hefur einnig farið í heimsóknir til ferðasöluaðila og sinnt markaðsvinnu til að vekja athygli á áfangastaðnum Norðurlandi og tækifærinu sem felst í beinu flugi þangað.

Hollenska ferðaskrifstofan Voigt Travel stóð fyrir 14 leiguflugum leiguflugum frá Rotterdam í sumar eins og undanfarin ár. Þessi flug hafa gengið vel og stefnt að því að halda þeim áfram næstu misseri.

Flugklasinn hefur lengi átt í mjög virku samstarfi við Voigt Travel og það góða samstarf heldur áfram. Þann 5. september komu fulltrúar frá Voigt Travel og Buro Scanbrit (þessar ferðaskrifstofur eru nú orðnar hluti af sömu samsteypunni) í heimsókn til Norðurlands og áttu fund með Fluglasanum.

Dagana 28.-29. september tók Flugklasinn þátt í viðburði í Hollandi á vegum Voigt Travel, og kynnti Norðurland og það sem svæðið hefur upp á að bjóða. Viðburðinn sóttu yfir 1.000 manns og var greinilegt að áhugi á Íslandi er sífellt að aukast meðal ferðamanna sem velja að ferðast til norðlægra slóða.

Í lok september fór Flugklasinn í heimsókn til sex ferðaskrifstofa í Hollandi og Belgíu til að kynna Norðurland og hvetja til frekari sölu ferða til Norðurlands. Þessar ferðaskrifstofur eru allar í samstarfi við Voigt Travel upp að einhverju marki.

Flugfélagið Edelweiss í Sviss hélt uppi áætlunarflugi til Akureyrar frá Zurich í sumar. Flogið var vikulega frá seinnihluta júní til seinnihluta ágúst. Tengingin við Zurich er mjög áhugaverð, þar sem mjög auðvelt er að tengja Akureyri í einum miða við fjölmarga áfangastaði í mið- og suður Evrópu.

Ferðaskrifstofan Kontiki í Sviss mun standa fyrir leiguflugi frá Zurich til Akureyrar næsta vetur. Um er að ræða sömu áætlun og síðasta vetur, 6 vikuleg leiguflug í febrúar og mars og mun Edelweiss áfram annast flugið. Byggist ákvörðun um áframhald á góðum árangri síðasta vetur og ánægju með áfangastaðinn. Kontiki tjaldar ekki til einnar nætur og horfir á Norðurland sem framtíðaráfangastað fyrir sína viðskiptavini.

Á haustdögum réði Flugklasinn annan erlendan ráðgjafa, Wietse Dijkstra, til að annast ákveðin verkefni í tengslum við sókn á markaði í Evrópu. Þekking Wietse á áfangastaðaþróun á norðlægum slóðum, ásamt umfangsmikilli þekkingu og innsýn í strauma og stefnur í ferðaþjónustu í Evrópu mun gagnast Fluglasanum vel til að sækja fram á fleiri mörkuðum.

Flugklasinn vann áfram með Nature Direct hópnum, en Nature Direct er samstarfsverkefni Íslandsstofu, Isavia, Markaðsstofu Norðurlands (Flugklasans) og Austurbrúar um markaðssetningu alþjóðaflugvallanna á Akureyri og



Markaðsstofa Norðurlands
NORDURLAND.IS

Egilsstöðum. Samstarfið hefur gengið vel og er mikilvægur hluti vinnunnar við að greina ný tækifæri fyrir beint flug í framtíðinni.

Innra starf

Framkvæmdum á flugvellið fer senn að ljúka. Verið er að klára breytingarnar á gömlu flugstöðvarbyggingunni og stutt í að þeim framkvæmdum ljúki. Mun það bæta til muna aðstöðuna á flugvellið, bæði fyrir gesti og starfsfólk. Það er þó ljóst að viðbyggingin má ekki minni vera og það mun áfram verða þröngt á þingi í flugstöðinni á álagstímum. Ferðaþjónustuaðilar sem eru að þjónustu flugfarþega, t.d. bílaleigur og dagsferðafyrirtæki, eiga í erfiðleikum með að veita bestu mögulegu þjónustu vegna plássleysis. Stækkun flugstöðvarinnar er gríðarlega mikil breyting til batnaðar, en alveg ljóst að frekari stækkun þarf til að þjóna flugfarþegum í framtíðinni.

Flugklasinn hefur lagt áherslu á að Isavia hraði vinnu við nýtt GPS aðflug úr suðri fyrir AEY. Slíkt aðflug myndi auka verulega öryggi og nýtingarmöguleika flugvallarins. Þessi vinna er enn í gangi hjá Isavia og vonandi næst að ljúka henni sem fyrst. Flugklasinn mun halda áfram að fylgja þessu máli eftir.

Enn ríkir óvissa um fjármögnun Flugklasans, þar sem samningar um fjármögnun renna út í árslok. Samtal við sveitarfélögin um framtíð Flugklasans hófst með tveimur sams konar fundum 27. og 28. febrúar á Teams. Í apríl og maí átti svo verkefnastjóri Flugklasans fundi með hverju sveitarfélagi fyrir sig til að ræða stöðuna og mögulega framtíðarsýn. Í kjölfar þeirra funda var sent út bréf til allra sveitarfélaga með samantekt á helstu niðurstöðum. Þann 26. ágúst var svo haldinn sameiginlegur fundur á Akureyri þar sem öllum sveitarfélögum var boðið að senda fulltrúa og taka þátt. Einnig sóttu fundinn fulltrúar SSVN og SSNE. Samantekt af þeim fundi var send til sveitarfélaganna um miðjan september. Megin niðurstaða þess fundar var að reyna að fá meira fjármagn frá ríkinu til að standa straum af kostnaði við starf Flugklasans og í kjölfarið sendi MN erindi til ráðherra ferðamála þess efnis. Þegar þetta er ritað er ríkisstjórnin sprungin og því ekki ljóst hvort eða hvernig þessu erindi verður svarað.

Hvað er fram undan?

Flugklasinn mun halda áfram markaðssetningu til ferðaskrifstofa. Annars vegar með því að sækja sýningar og vinnustofur sem eru fram undan, og hins vegar með því að halda áfram beinni sókn á ferðaskrifstofur til að setja upp annaðhvort leiguflug eða styðja við áætlunarflug beint til Akureyrar. Almenn markaðssetning heldur einnig áfram með hefðbundnum hætti, sem og framleiðsla og birting á nýju efni.

Vinna með Nature Direct og þeim aðilum sem eru að standa fyrir flugi mun halda áfram. Vinna með easyJet mun áfram verða fyrirferðamikil og mun Flugklasinn leggja áherslu á að easyJet auki framboð sitt á flugi í framtíðinni. Áhersla er að ná inn beinu flugi frá fleiri áfangastöðum og verður markvisst unnið að því á næstu mánuðum. Flugklasinn mun einnig fylgjast með framgangi mála í uppbyggingu Akureyrarflugvallar og halda áfram að veita aðhald þar.

Flugklasinn mun standa fyrir ráðstefnu um flugmál á Akureyri þann 18. nóvember n.k. Þar verður rætt um stöðuna í dag, áhrif aukins flugs á fyrirtæki og samfélag og tækifæri til framtíðar.

Mikilvægt er að tryggja fjármagn til áframhaldandi starfs klasans sem fyrst. Þar mun Flugklasinn þurfa að treysta á samvinnu við sveitarfélögin. Mikill árangur hefur náðst á síðustu misserum og fleiri verkefni eru í pípunum. Það er því afar mikilvægt að stoppa ekki í miðri á, heldur nýta meðbyrinn til frekari árangurs.



Markaðsstofa Norðurlands
NORDURLAND.IS

Akureyri, 15. október 2024
Hjalte Páll Þórarinsson
Verkefnastjóri Flugklasans Air 66N